

# MINNISBLAÐ

Bæjarstjóri Mosfellsbæjar  
Bt. Hr. Haraldur Sverrisson  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 25.06.2015

## V / Framgangur verkefna er tengjast eigendasamkomulagi um gas- og jarðgerðarstöð

Vísað er til eigendasamkomulags um gas- og jarðgerðarstöð sem undirritað var 25. október 2013 og verður hér gerð grein fyrir helstu verkefnum sem því tengjast.

### Gas- og jarðgerðarstöð

Verkefnið hefur tafist vegna kæru- og klögumála í tengslum við útboðsmál. Stjórn SORPU bs. hefur ákveðið, eftir samráð við Innkaupaskrifstofu Reykjavíkur og ráðgjafa að efna til s.k. samkeppnisviðræðna. Um mánaðarmótin júní/júlí 2015 er gert ráð fyrir að efnt verði til forvals á Evrópska efnahagssvæðinu sem standi fram í ágúst á þessu ári. Að loknu forvali verða 2 -3 aðilar valdir til s.k. samkeppnisviðræðna og er stefnt að því að þeim ljúki í september/október. Um er að ræða val á tæknilausn þ.e.a.s. val á sjálfri tækninni og tæknilegri ráðgjöf.

Efnt var til útboðs á jarðvinnu fyrir gas- og jarðgerðarstöðina í Álfsnesi þ.e.a.s. sléttun og undirbúningur lóðar og mun það verk klárast í október næstkomandi.

Deiliskipulag er tilbúið og samþykkt af lóð undir gas- og jarðgerðarstöðina.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin tefjist um eitt ár en að stöðin taki til starfa á árinu 2017 í stað 2016.

### Liður 1.3 Móttaka og meðhöndlun á lyktarsterkum úrgangis (sbr. fylgiskjal 3 í samkomulagi)

Gýmir 2 – sem er yfirbyggð móttaka fyrir lyktarsterkan úrgang, var tekin í notkun í mars 2015, sem var um tvöfalt lengri framkvæmdatími er áætlanir gerðu ráð fyrir. Fyrri stig lyktarhreinsunar á aflofti úr móttökunni (þvottaturn) er virkt. Eftir á að ljúka seinna lyktarhreinsunarstigi (bíófilter). Mjög góð aðstaða er fyrir þrif, þvott og jafnvel sóttþreinsun ef þörf er á.

- Frá 1.janúar 2014 var lokað fyrir móttöku á seyru og hún felld úr vörunúmerakerfi SORPU.
- Frá 1.mars 2014 hefur ekki verið tekið við óþvegnu skólphrati frá skólphreinsistöðvum. Orkuveita Reykjavíkur kom sér upp þvottabúnaði og því er tekið við í dag „þvegnum ristarúrgangi“ í Gými. Hafnarfjarðarbær sá sér ekki fært að setja upp slíkan búnað og flytur því óþvegið skólphrat í brennslustöðina á Suðurnesjum (Kölku). Brennslustöðin lokar hins vegar vegna viðhalds, bæði síðasta sumar og eins í sumar. Þá hefur SORPA neyðst til að taka við þessum úrgangi þar sem ekki eru aðrar leiðir færar. Það er þó gert undir ströngum skilyrðum um tíma og veðurfar við móttöku en slíkur úrgangur fer í Gými 2.

- **Frá 1.október 2014** verður sláturúrgangur og fiskúrgangur forunninn áður en hann fer í Gými. Forvinnslan hefst 1.júlí 2015 skv. samningi við Lífdísel ehf., en þangað til fer úrgangurinn beint í Gými. Verkefnið hefur tafist af ýmsum ástæðum.
- **Frá 1.september 2015** verði lýsishrat endurunnið. Þetta markmið næst varla vegna seinkunnar á forvinnslunni, en mun ekki tefjast jafnmikið og forvinnslan. Á meðan fer úrgangurinn í Gými.
- **Frá og með 1.júní 2016 verði allur úrgangur sem fór í Gými kominn í gas- og jarðgerðarstöð.** Tafir eru á þessu. Verklök jarðvinnu vegna G&J eru í október 2015 og áætluð ný gas- og jarðgerðarstöð tekin í notkun árið 2017.

#### **Viðræður við Suðurland um sameiningu SORPU bs. og Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS)**

Hægt gekk að koma viðræðum af stað eftir síðasta sumar, mikið af nýju fólki á báðum stöðum. Sveitarfélagið Ölfus breytti aðalskipulagi sínu á síðasta kjörtímabili þ.a. Nessandur var skilgreindur sem urðunarstaður fyrir sorp. Í apríl sl. svaraði sveitarfélagið Ölfus frekari erindum SOS á þann veg að „Nessandur úr landi Ness komi ekki til greina sem urðunarstaður fyrir sorp“. Á fundi fulltrúa stjórnar SOS og SORPU í maí var ákveðið að funda með fulltrúum bæjarstjórnar Ölfus en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að koma á fundi. Verkefnið bíður fyrsta tækifæris strax eftir sumarleyfi.

#### **Viðræður við Sorpeyðingarstöð suðurnesja sf. (Kölku) um sameiningu**

Ný stjórn var skipuð í Kölku seint á haustdögum 2014 og hafa fulltrúar stjórnar Kölku og SORPU hist á einum fundi auk þess sem framkvæmdastjórnar hafa hist og farið yfir málin. Framkvæmdastjóri SORPU mætti einnig á aðalfund Kölku í apríl og fór yfir hugmyndir að sameiningu félaganna. Stjórn Kölku hefur látið vinna endurmat á verðmæti brennslustöðvarinnar og er nú unnið að úttekt á kostum brennslu miðað við urðun fyrir sveitarfélögin á suðurnesjum. Skv. upplýsingum frá framkvæmdastjóra Kölku má búast við því að þeirri vinnu ljúki í fyrsta lagi í september/október.

#### **Kvartanir vegna lyktar dagana 19 – 23. Júní**

Fylgst er með verktaka til að stærð urðunarstáls sé haldið í lágmarki milli 08 á mánudegi til 15 á föstudögum. Á föstudeginum 19. júní bilaði aðalvél verktaka sem sér um að moka yfir á urðunarstaðnum og tókst ekki að útvega nýja vél fyrr en mánudaginn 22. júní og er það mjög líklega ástæða kvartana vegna lyktar þá um helgina. Erfiðara er hins vegar að skýra miklar kvartanir að kvöldi 22. og 23. júní þar sem öll móttaka á lyktarsterkum úrgangi er nú undir þaki, miklu magni af sjó var úðað yfir sorpstálið þessa daga auk þess sem móttöku í rein er hætt og nánast búið að moka yfir allt stálið. Sú skýring sem við getum helst fundið er að vegna mikilla þurrka undanfarnar vikur hefur yfirborð haugsins sprungið og á því hauggas léttari leið framhjá gassöfnunarkerfinu. Til að mæta þessu er nú mest allt vatn frá gashreinsistöðinni leitt upp á urðunarstaðinn og úðað yfir hauginn auk þess sem vatni er úðað yfir hauginn með haugsugu langt fram á kvöld alla daga.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri